

## 27. Karateþing 22. Febrúar 2014 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

### 1 Þingsetning

Þing sett.

### 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins

#### a) Þingforseti og þingritari.

Helgi Jóhannesson kjörinn þingforseti og Sigbór Samúelsson kjörinn ritari

#### b) Ávörp gesta.

Hafsteinn Pálsson, frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, ávarpaði þingið.

Bar þinginu kveðjur frá ÍSÍ.

Ánægður með hversu margir tóku þátt í þinginu. Man varla eftir öðru eins á öðrum þingum sem hann sótti.

20 ár í félagsstörfum og séð margt gott fólk brenna út. Göfug verkefni og þarf að virkja margt fólk og hvetja til þess að leggja sitt á vogarskálarnar og bjóða sig fram til starfa.

Allt starf byggir á þeim sem koma að því, margar hendur vinna létt verk.

### 3. Kosnar fastar nefndir:

#### a) Kjörbréfanefnd.

Magnús Kr. Eyjólfsson, Eydís Líndal og María Helga Guðmundsdóttir

#### b) Fjárlaganefnd.

Agnar Helgason, Guðni Már Egilsson og Valgerður Helga Sigurðardóttir

#### c) Laga- og leikreglanefnd.

Helgi Jóhannesson, Willem Cornelis Verheul, Pétur Freyr Ragnarsson og Ólafur Helgi Hreinsson.

#### d) Allsherjarnefnd.

Prúður Sigurðar, Rut Guðbrandsdóttir og Kolbrún ?.

#### e) Kjörnefnd.

Reinharð Reinharðsson, Magnús Kr. Eyjólfsson og Sigbór Samúelsson.

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréf.

#### 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Reinhard Reinhardsson, formaður stjórnar, stiklaði á stóru úr skýrslunni.

##### RIG

3 útlendingar sem tóku þátt í RIG.

Sérstakar þakkir til Gunnlaugs Sigurðssonar vegna æfingabúða.

Fjölga þarf í landsliðum en til þess að það geti orðið að veruleika þarf meiri tekjur.

##### a) Kjörbréfanefnd skilar álit

Magnús Kr Eyjólfsson fór fyrir Kjörbréfanefnd og skilaði álit.

**Allir mættir sem skráðir voru til þátttöku á þinginu. 25 af 78 og kjörbréf lögleg.**

#### 5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til skoðunar

Reinhard Reinhardsson, formaður, kynnti reikninga sambandsins.

Farið yfir reikninga sambandsins og opnað á spurningar um þá.

##### Spurning 1

Þórunn spurði um reikninga sambandsins og hver ferðakostnaður innanlands væri. Reinhard svaraði því að um væri að ræða gistingu erlendra þjálfara.

##### Spurning 2

Rut frá Akureyri spurði um þátttöku læknis á mótum. Helgi Jóhannesson svaraði því að samkvæmt reglum þyrfti að vera læknir á kumitemótum. Hafa verið vandamál með að útvega lækna á þessi 4-6 mót sem eru á ári. Rut býður sig fram til að vera á staðnunm enda hjúkrunarfræðingur.

**Reikningar lagðir fram og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum og vísað til stjórnar til samþykktar.**

## 6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Stjórn lagði fram fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2014.

## 7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Þingforseti vakti athygli á því að reglugerðir eru ákveðnar í stjórn og þurfa ekki að fara fyrir þing. Þær eru lagðar fram af formanni og varaformanni, vísað í Laga- og leikreglunefnd.

- Helgi:
  - ÍMK 8 gr. tvö félög í sama liði í keppni.
  - 18 gr. Stig skiptast á félög.

Gunnlaugur Sigurðsson vakti athygli á því að tilkynning um dagskrá og breytingatillögur bárust ekki. Helgi leiðrétti það og svaraði því að breytingar væru ræddar á þingi en ákveðnar í stjórn.

## 8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar

### Afreksstefnan

Afreksstefnu vísað í Allsherjarnefnd.

Reinhard stiklaði á stóru um afreksnefnd með eftirfarandi áherslum.

- Fjölga þarf mótum.
- Skipulag – NM, EM
- Verkefni – hugmynd um verkefni og kostnað til hliðsjónar.
- Markmið fram í tímann upp á skipulag og styrkumsóknir.

Önnur mál ekki hér.

## 9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

Þingforseti vísaði málum og tillögum til nefnda til umfjöllunar.

Að því loknu var gert hlé á störfum þingsins.

## 10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

### a) Fjárlaganefnd

Agnar B Helgason fór fyrir fjárlaganefnd.

- No comment
- Viðbætur 1 milljón uppí 1200 þús v/ dómarnefndar.

- Tillaga um iðkendagjöld verði hækkuð úr 400 í 650 kr.
- Tillaga að verðskrá KAI verði breytt: Mótagjöld fyrir IMU og IMB
  - 1.500 kr. Fyrir einstaklingsgreinar.
  - 2.500 kr fyrir lið
- Fullorðnir, Grand Prix og bikar mót í unglingsaflokki
  - 3.000 kr fyrir fullorðnir einstaklinga
  - 5.000 kr fyrir lið
- Mót fullorðinna eru ekki að standa undir sér

#### **Mælendaskrá:**

Þrúður. Mikil hækkun á barnamótum.

Pórunn: svarar. Má einnig rukka inn á mótin, iðkendagjöld eru lág þannig að það er svigrúm til hækkunar

Óli : sammála hækkunum, erfitt að selja inná mót, vill hækka keppnisgjöld ef lið senda ekki inn starfsfólk

Athugasemd frá þingforseta (HJ) – verðskrá er samþykkt af stjórn KAI ekki þingi.

Áætlun einróma samþykkt.

#### **Mælendaskrá lokað.**

---

### **b) Laga og leikreglanefnd.**

---Þing kys ekki, en getur komið með ábendingar.

Félagaskipti – engar athugasemdir í nefnd, vísað til stjórnar án athugasemda nefndar.

Mótahald- engar athugasemdir í nefnd, vísað til stjórnar án athugasemda nefnda.

Rut Akureyri- Akureyringar hafa áhuga á því að halda mót.

Bent á að Akureyringar geta sótt eftir að halda mót en mótanefnd/KAI sér um að velja úr umsóknum.

---

### **c) 8.gr. og 18. Gr.**

Engar athugasemdir í nefnd

Óli : þarf ekki að kjósa,? Svar: nei, ákveðið af stjórn.

Guðni: ósammála því að hægt sé að fá lánaða keppendur frá öðrum félögum.

Gunni: hvernig á að skipta stigum, Svar: jafnt á milli liða.

Kolbrún: lið missir stig.

Gunni. Gengur gegn félagaskráningu ( 5.gr)

Bent á að félög geti sent lið saman t.d. Akranes nær ekki liði og fær liðsmann frá Breiðablik. Gefur fleiri félögum kost á að senda lið.

Rut: Gangi ekki fyrir stóru félögin.

Helgi : Félög geta lent í því að eiga ekki keppendur, ef félög senda inn sameiginlegt lið þá er möguleiki á því að fá stig.

Gunni: ef lið vinnur færast stig yfir á það lið sem fær keppanda lánaðan.

Þórunn. Tekur undir með Óla, það félag sem kallar á mann fái stigin.

María: Varhugavert að skilgreina eftir stærð hvort mynda megi sameiginleg lið, mismunandi eftir flokkum kyni. Ógerlegt í framkomu.

Eydís: Þetta er skýrt í framsetningu og ekki sambærilegt við fótbolta (líking Óla). Fín tillaga.

Gunni: stig fari ekki á mörg félög.

Þrúður: Ekki sammála, finnst þetta sérstök þæling.

María: ekki endilega félag með 2 keppendur sem kallar eftir manni.

Óli: Talað um lið , félag sem óskar eftri lánsmanni, fyrirgeri sér rétti á skiptingu stiga, liðið sem óskar eftir á að fá afraksturinn

Þórunn: er ekki skárri að félög fái yngri keppendur með í lið.

Bent á að leyfilegt er að fá yngri keppendur í lið, aldur miðast við elsta keppanda.

Mælendaskrá lokað.

---

### **Kynjaskipting keppenda á IMB**

Helgi, umræða um breytingar á flokkum í IMB, mun kynjaskipting á flokkum leysa vandann, þarf að skoða flokkaskiptingu og fjölda þátttakenda aftur í tímann.

Óli: rétt að skoða aftur í tímann, síðasta mót gott dæmi um það hvernig getur farið.

María: er hægt að fjöldatakmörka þátttakendur.

Helgi: engar takmarkanir settar.

María: fáir fara heim með verðlaun.

Óli: er eitthvað að því að skipta eftir kyni.

Þórunn : taka upp riðlaform A, B C osfrv.

Kolbrún: Skv. ÍSÍ á að draga úr áherslu á fyrsta sætið.

Gunni. Allir fá verlaun.

Rut : Af hverju er ekki kynjaskipt fyrr en 12 ára.

Helgi: Málið er í framkvæmdaratriði flokkar eru stórir og flækjustig mikið og ruglingslegt því kom þessi hugmynd, mun þetta leysa málið með mótin. Tók fram að öll börn fengu viðurkenningu á barnamóti og því stefnu ÍSÍ um að allir fái viðurkenningu framfylgt.

## **Mælendaskrá lokað.**

---

### **d) Breytingar á 6. Gr.**

Að meina þátttöku, mótanefnd hefur ein vald til þess. Tillaga var fyrst sett fram 2006 en ekki samþykkt. Erum enn að lenda í vanda vegna manneklu. Ný félög eru ekki í stöðu að redda dómara þurfa aðlögunartíma. Má bæta í skráningarblöð fyrir mót þann fjölda dómara, starfsmanna sem félög þurfa að skaffa miðað við keppendafjölda.

Einfalt fyrir stærri félög að setja þetta fram, minni félög geta skipt hlutverkum.

Óli: Mót eru ekki einkamál KAI.

Samt hefur móti aldrei verið aflýst. Setja saman lista mót og hægt að skipuleggja mótin í tíma.

Helgi: félögin eru ekki að standa sig og því er erfitt að manna dómaraalista fyrir mót.

Svana: 3 dómarar eru ekki viðunandi á mótum.

Willem: loðið þegar talað er „um Meina/ Sekta“ þarf að vera skírt ferli, þarf að hafa tímaramma fyrir félag að laga sín mál.

Guðni: Dómurum fjölgar ekki þó keppendur séu sendir heim, frekar að hætta við mótið.

Óli : vill gjarnan,... þegar mætt er á mót og ekki er næg þátttaka dómara þá verði mót blásið af skv. WKF reglum. Eins og mót eru auglýst eftir.

Eydís: held að sé í lagi aðeins um heimild, ....sekt getur verið allt að 5x upphæð.. hver ákveður,

Gunni: félög viti hvenær sé sektað og hvenær vísað frá.

Þrúður: Þórshamar hefðu verið sektað, er hægt að fá erlenda dómara til að dæma á mótum fullorðinna þannig að þeir sem eru með dómara réttindi geti keppt. Takmarkar keppendur ef við sendum dómara.

Rut: Félög skrái starfsmannalista fyrir mót. Mótshaldari setji starfsmenn inní verkin.

Reinhard: Þakkar fyrir umræðurnar, eru framhald af umræðum af janúarfundi KAI. Rök með og á móti, verður tekið fyrir á stjórnarfundum KAI í júlí og tekur þá gildi næsta vetur. Getum sett reglur um rettindadómara fyrir nk. Keppnistímabil og að hausti komi listi yfir dómara og s starfsmenn fyrir mót vetrarins.

Mælendaskrá lokað.

Helgi: Athugasemdir skráðar á blað og nefnd lokið störfum.

---

### e) Afreksstefna KAI

Prúður: stefna skoðuð án athugasemda.

Kostnaður af RIG v/erlendra keppenda.

Landsliðsnefnd og KAI unnið gott starf.

Samþykkt með öllum greiddum athvæðum.

---

### f) Kjörnefnd

Reinhard: hefur talað við alla stjórnarmenn og gefa þeir kost á sér áfram.

Til vara kemur Anna Ólsen ný inn og Axel fer út.

Aganefnd er óbreytt

Skoðunarmenn eru Indriði Jónsson og Agnar B Helgason

Nefndarmálum er lokið.

---

## 11. Önnur mál

Guðni: hvað eru smærri félög og hvernig eru þau skilgreind skv. Tillögu til reglugerðarbr.

Willem: reglur um RIG þarf að vera skýr fyrir mót (aldur keppenda).

María: hver er með vefmál KAI. Vantar úrslit fyrir fyrri mót inná heimasíðu.

Helgi: Vefmálum er enn ólokið og verið að vinna í sjálfböðavinnu með öðrum verkum og ekki verið rætt um ábyrgð. Efni af gamla vef enn til og á eftir að koma á nýja vefinn.

Óli: lítill o og stór félög, ætti að vera ungt og gamalt. Fagna því ef málþing verður endurtekið, finnst ekki vera fjölmenni í dag miðað við fjölda félaga.

Guðni. Á mótanefnd ekki að sjá um samskipti við fjölmiðla.

Helgi: stjórn er vel mönnuð og ætti að geta séð um það

Gunni; rétt að gögn þarf að birta, setti upp Facebook, twitter, youtube og heimasíðu og samtengt

Helgi: ef fleiri eru tilbúnir að koma að þessari vinnu þá er það vel þegið.

Gunni: að skráning á mót verði rafræn.

Helgi lokaði á frekari umræðu.

---

## **12. Kosning stjórnar , varastjórnar og endurskoðenda**

Reinhard kosinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn kosinn með öllum greiddum atkvæðum.

Varastjórn kosinn með öllum greiddum atkvæðum.

Skoðunarmenn kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

Reinhard tók til máls sem nýr formaður og þakkaði fyrir traustið.

Auglýst eftir fólki í mótanefnd og 3-5 manns í landsliðsnefnd.

Mótahald verður vonandi rafrænt í haust auk þess að reglugerð verði til fyrir dómara og starfsmenn.

Eydís : Gekk úr nefnd og hvatti konur til þess að sinna störfum í nefndum því eftir að hún hættir þá er eingin kona í stjórn eða nefndum KAI.

## **13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.**

Aganefnd kosinn með öllum greiddum atkvæðum.

## **14. Val fulltrúa á Íþróttabing.**

Vísað til stjórnar að velja fulltrúa á Íþróttabing.

## **15. Þingslit.**

Þingi slitið .